Náttúrufræðistofnun

Umhverfis- og orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

Garðabær, 7.4.2025
Málsnúmer: 202503-0047
LA

**Efni: Nýting á jarðhita á Folaldahálsi í landi Króks, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfis- og orkustofnun þann 17. mars 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Suðurdals ehf. um nýtingarleyfi til 60 ára vegna allt að 3,9 MW jarðvarmavirkjun á Folaldahálsi.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsagnir vegna fyrirhugaðrar jarðhitanýtingar á Folaldahálsi, þ.m.t. umsögn um matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 10. maí 2024 er að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum, en bendir á nauðsyn þess að áhrifamat grunnvatnshlots liggi fyrir við leyfisumsókn og vísar í umsögn Umhverfisstofnunar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fylgigögn umsóknar og gerir ekki athugasemdir við hana fyrir utan að nýtingarleyfið ætti að miðast við 30 ár í stað 60 ár.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000